

LÖG

um Skákskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við menntamálaráðuneytið starfar skóli er nefnist Skákskóli Íslands.

2. gr.

Skólinn er starfræktur í húsakynnum Skáksambands Íslands. Skal árlega veittur til hans styrkur á fjárlögum sem hér segir:

- a. Framlag sem nemi einu stöðugildi í 8. þrepi 144. lfl. BHM.
- b. Rekstrarstyrkur sem nemi hæfilegri leigu fyrir afnot húsnæðis.

3. gr.

Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og hafa á hendi hvers kyns fræðslu sem miðar að því að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Skal skólinn m.a. halda námskeið úti á landi í samvinnu við skóla og tauffélög.

4. gr.

Skólastjórn Skákskóla Íslands skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru af eftirtöldum aðilum til þriggja ára í senn: Menntamálaráðherra skipar einn, Skáksamband Íslands skipar tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nánar skal kveðið á um verksvið hennar í reglugerð.

5. gr.

Skólastjórn ræður skólastjóra Skákskóla Íslands sem annast rekstur skólans og ræður til hans kennara með samþykki stjórnar.

6. gr.

Skólinn skiptist í almenna deild og framhaldsdeild. Nám í almennum deildum skal auglýst og greiða nemendur námsgjald fyrir. Í framhaldsdeild eru nemendur valdir á grundvelli inntökuprófs og skólavist ókeypis. Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.

Í starfsemi skólans er skylt að gæta jafnréttis kynjanna í hvívetna.

Nánar skal kveðið á um starfsemi deilda og tilhögun kennslu í reglugerð.

7. gr.

Til að standa straum af kostnaði við stofnun skólans skal veittur sérstakur styrkur á fjárlögum ársins 1991.

8. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að semja við önnur félagasamtök eða einkaaðila um rekstur skákskóla samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.
9. gr.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.